

Fundargerð:

Aðalfundur Sólheimaseturs 2015

Fundurinn var haldinn að Sólheimum laugardaginn 30. apríl 2016 og hófst kl.15.30.

Fundinn sátu úr fulltrúaráði Sólheima: Arna B.Einarsdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Fanney Proppé, Guðmundur Bjarnason, Margrét Tómasdóttir, Magnús Ólafsson, Óðinn Jónsson, Ómar Einarsson, Pétur Sveinbjarnarson, Sigríður Jóna Friðriksdóttir, Valgeir Ástráðsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson. Mætt voru að auki Guðmundur Ármann Pétursson framkvæmdastjóri, Einar Páll Bjarnason fjármálastjóri, Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi og Kristmar Ólafsson rekstrarstjóri.

Pétur Sveinbjarnarson formaður framkvæmdarstjórnar setti fundinn og bauð fulltrúaráðsmenn og gesti velkomna.

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Margrét Tómasdóttir var kjörinn fundarstjóri og Einar Páll Bjarnason fundarritari.

2. Ársskýrsla

Skýrsla stjórnar liggur fyrir í prentuðu máli.

Stjórnarformaður Pétur Sveinbjarnarson flutti skýrslu stjórnar.

3. Ársreikningar.

Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi kynnti og skýrði ársreikninga Sólheimafyrirtækja.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2015

Kristmar Ólafsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

5. Kosning nýrra fulltrúaráðsmanna

Samkvæmt 4 gr. Skipulagsskrár Sólheimaseturs er fyrsta fulltrúaráð Sólheimaseturs skipað þeim einstaklingum sem sitja í fulltrúaráði Sólheima ses og er kjörtímabil það sama og eftir er af kjörtíma viðkomandi í fulltrúaráði Sólheima ses.

6. Kosning framkvæmdastjórnar

a. Kosning formanns

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillinganefndar um Pétur Sveinbjarnarson.

Samþykkt samhljóða.

b. Kosning 4ra meðstjórnenda og 1 varamanns

Vilhjálmur Vilhjálmsson bar upp tillögu uppstillinganefndar um Magnús Ólafsson, Ómar Einarsson, Sigurjón Þórsson og Sigríði Jónu Friðriksdóttur, til vara Óðinn Helga Jónsson.

7. Ráðning löggilts endurskoðanda

Arna B. Einarsdóttir, Ómar Einarsson og Sigríður Jóna báru upp tillögu uppstillinganefndar um Margréti Pétursdóttur löggiltan endurskoðanda hjá Ernst & Young.

Samþykkt samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmann reikninga

Arna Einarsdóttir, Ómar Einarsson og Sigríður Jóna, gerðu tillögu um Ólaf Gústafsson og Vilhjálm Vilhjálmsson.

Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16.40

Einar Páll Bjarnason, ritari.
